

Hins vegar virðist meiri hluti bæjarstjórnarinnar ekki hafa lagt þýðingu þá, sem spurning er um, í undanfærslu áfrýjandans fyrir en á fundinum 6. nóvbr. f. á., því fyrst 13. jan. á þessum fundi hefir verið ritað nokkuð í gjörðabókina um, að oddviti hafi skorað á hlutaðeiganda um að skrifa undir, og að hann hefði skorast undan að gjöra það sama kvöld En hefði meiri hluti bæjarstjórnarinnar viljað byggja ályktun sína á undanfærslu þeirri frá að skrifa undir gjörðabókina, er átt hafði sjer stað um fleiri mánuði, hefði átt að geta þess í gjörðabókinni, og gefa það hlutaðeigandi bæjarfulltrúa til kynna á tilhlýðilegan hátt í hvert sinn, er hann hafði skorast undan að gegna skyldu þeirri, sem rétt hefir verið um, þegar þetta var gjört 6. nóvbr. f. á. hefir það, eins og að ofan er skýrt frá, haft þá afleiðingu, að áfrýjandinn hætti við undanfærslu sína, og skrifaði undir, þó hann gjörði það á óreglulegan hátt.

Samkvæmt því, sem tekið er fram, verður ekki sjeð, að skyldubroti því, sem áfrýjandinn hefir orðið sekur í, hafi verið svo varið, að það hafi gjört það nauðsynlegt, að hann færi úr bæjarstjórninni, og ályktun sú, sem meiri hluti bæjarstjórnarinnar gjörði á fundinum 4. desbr. f. á. er því samkvæmt 10. gr. tilskipunar 20. apríl 1872 hjer með úr gildi felld.

— **Skýrsla** um endurskoðun hinna sjerstöku íslenzku reikninga af hendi Árna landfógeta Thorsteinssonar 1876—1879. 3 14. jan.

Skýrslur og reikningar.	Innkommir.	Endurskoðaðir.	Eptir.	Útkljáðir.	Eptir.
Skiptaskýrslur . . . . .	90	90	»	70	20
Sýslureikningar . . . . .	84	84	»	66	18
Spítalareikningar . . . . .	72	64	8	46	26
Lestagjaldsreikningar . . . . .	30	30	»	27	3
Tollreikningar . . . . .	98	98	»	73	25
Umboðsjarðareikningar . . . . .	103	80	23	78	25
Kirknareikningar . . . . .	42	36	6	27	15
Ýmislegir reikningar . . . . .	51	45	6	37	14
Aukatekjureikningar . . . . .	19	19	»	1	18
Vitagjaldsreikningar . . . . .	1	1	»	1	»
	590	547	43	426	164

Reykjavík 14. janúar 1880

Á. Thorsteinsson.

## Reikningar.

Ágrip af reikningum nokkurra almenningsjóða, sem eru undir stjórn amtmannsins í norður- og austurumdæminu.

(Framhald frá stjórnartíðindunum 1879 B., bls. 176).

### IV.

Búnaðarsjóður norður- og austuramtsins á árinu 1878.

4

## Tekjur.

1. Sjóður við árslok 1879.					
a. Í konunglegum skuldabryfum með 4% vöxtum:					
Nr. 69 dagsett 10. október 1832 að upphæð . . .	835 kr.	52 a.			
— 206 — 30. marz 1836 — — . . .	200 —	» -			
— 392 — 22. apríl 1839 — — . . .	394 —	66 -			
b. Innritunarskirt. Ltr. C. fol. 3453 dags. $1\frac{1}{2}$ 74 að upphæð	400 —	» -			
c. Skuldabryf fjárhagsstjórnarinnar $\frac{3}{8}$ 71 . . . . .	200 —	» -			
d. Í láni hjá einstökum mönnum með 4% vöxtum . . .	1965 —	» -			
e. Í vörzlum amtsins . . . . .	369 —	71 »	4364	89	
2. Endurborgað af lánnum einstakra manna . . . . .			65	»	
3. Vextir af innstöðunni 1. a—d til 11. júní 1878, að frá dregnum 65 kr., sem eru endurborgaðar . . . . .			157	21	
			Samtals	4587	10

## Gjöld.

Kr. A.

1. Borgað Sveini búfræðing Sveinssyni eptirstöðvar af ferðakostnaði hans í norðuramtinu árið 1874 . . . . .			23	33	
2. Borgað fróken Önnu Melsted fyrir að kenna góða meðferð á mjólk . . . . .			50	»	
3. Borgað Sveini búfræðing Sveinssyni eptirstöðvar af launum hans árið 1878 . . . . .			350	»	
4. Hjer færast til jafnaðar endurborgað lán, sjá tekjugrein 2. . . . .			65	»	
5. Sjóður við árslok 1878:					
a. Í konunglegum skuldabryfum . . . . .	1430kr.	18a.			
b. Innritunarskírteinið tekjugrein 1. b. . . . .	400 —	» -			
c. Skuldabryf fjárhagsstjórnarinnar 1. c. . . . .	200 —	» -			
d. Í láni hjá einstökum mönnum . . . . .	1900 —	» -			
e. Í peningum . . . . .	168 —	59 -	4098	77	
			Samtals	4587	10

5

## V.

Jökulsárbrúarsjóðurinn í Norðurmúlasýslu á árinu 1878.

## Tekjur.

Kr. A.

1. Sjóður við árslok 1877:					
a. Konunglegt skuldabryf nr. 393 dags. 22. apríl 1839 að upph. 400 kr. » a.					
b. Í láni mót veði í fasteign og 4% vöxtum . . . . .	2350 —	» -			
c. Í vörzlum amtsins . . . . .	270 —	45 -	3020	45	
2. Vextir til 11. júní 1878:					
a. af hinu konunglega skuldabryfi . . . . .	16 —	» -			
b. - skuldabryfum einstakra manna . . . . .	94 —	» -	110	»	
			Samtals	3130	45

## Gjöld.

1. Fyrir hirðingu brúarinnar með fl. . . . .			6	»	
2. Lánað mót fasteignarveði og 4% vöxtum:					
a. Madömu Kristínu Thorlacíus $1\frac{2}{3}$ 78 . . . . .	200 kr.	» a.			
b. Arna bónda Jónssyni . . . . .	100 —	» -	300	»	
			Flyt	306	»